



ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ HAMAR

ÁRSSKÝRSLA 2021

BIKARMEISTARAR
2021



Ljósmyndir á forsíðu og baki: Góðar minningar úr Hamarshöll 2012-2022.

Myndasmiðir: iðkendur, forráðamenn og gestir

Prentun: Prentþjónusta Hveragerðis og nágrennis – Sími 866 1510 – prentun@phon.is

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars 2021

Þórhallur Einisson, formaður
 Íris Brá Svavarsdóttir, gjaldkeri
 Dagrún Ösp Össurardóttir, meðstjórnandi
 Laufey Sif Lárusdóttir, meðstjórnandi
 Þorsteinn T. Ragnarsson, meðstjórnandi
 Ágúst Örlaugur Magnússon, formaður Knattspyrnudeildar
 Barbara Mayer, formaður Blakdeildar
 Birgitta Ýr Sævarsdóttir, formaður Fimleikadeildar
 Kristinn Ólafsson, formaður Körfuknattleiksdeildar
 Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, formaður Sunddeildar
 Hrund Guðmundsdóttir, formaður Badmintondeildar

30 ára sjálfboðaliðastarf

Hvers vegna íþróttafélag?

Ávinningurinn af því að stunda íþróttir á yngri árum er vel skjalfestur. Íþróttir hjálpa krökkum að verða heilbrigð og sterk, og undirbýr þau fyrir virkan lífsstíl á efri árum. Íþróttir gagnast þeim andlega og líkamlega, kennir þeim hópavinnu og gefur þeim skemmtilega útrás í heilbrigðu umhverfi. Þegar krakkar og unglingar stunda íþróttir læra þau lífsleikni sem hjálpar þeim að vaxa og dafna sem fullorðið fólk. Það er mikill ávinningur fyrir samfélag þeirra en það er ekki það eina.

Heilsufarslegur ávinningur íþróttar fyrir börn er mikilvægur fyrir almenna vellíðan þeirra og bætir námsgetu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) greinir frá því að börn og unglingar á aldrinum 5 til 17 ára ættu að stunda líkamsrækt að lágmarki í eina klukkustund á hverjum degi til að tryggja góða heilsu (miðlungs til kröftug áreynsla). Því meira sem börn hreyfa sig, því betra er það fyrir líkama þeirra. Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á fleiri ávinninga af íþróttaiðkun m.a. sterk bein og vöðva, heilbrigða þyngd, hjarta- og öndunarferni, minnkun á kvíða og þunglyndi/hjartasjúkdómum/krabbameini/sykursýki 2/háan blóðþrýsting svo eitthvað sé nefnt.

Börn sem stunda íþróttir fá þá hreyfingu sem þeir þurfa, hvort sem þeir eru að æfa eða keppa og hafa gaman af því! Heilbrigð börn sem stunda mikla hreyfingu sofa betur og hafa betri skólasókn, sem er mikilvægt fyrir námsárangur. Auk þess hafa nemendur sem stunda íþróttir tilhneigingu til að hugsa í markmiðum og hafa sterka sjálfsmynd. Heilsa barna setur grunninn fyrir ævilanga heilsu og velgengni svo virk börn eru mjög mikilvæg fyrir samfélag okkar.



Samfélagsleg áhrif

Íþróttafélagið Hamar og íþróttastarf þess veitir samfélaginu vettvang til að tengjast. Samfélagið hefur eitt-hvað til að fylkja sér á bakvið og íþróttaviðburðirnir sameina fólk þar sem fjölskyldur og nágrannar hvetja börn hvers annars. Borgaraleg þátttaka eykst þegar fólk eignast börn sem stunda íþróttir hjá okkur. Fólk myndar tengsl við annað fólk í bænum, börn finna leiðbeinendur og leiðsögn gagnast öllum sem taka þátt. Foreldrar hitta aðra foreldra á íþróttaviðburðum, auka tengslanet sitt og styrkja samfélagið.

Æskulýðsíþróttir gefa mörgum tækifæri til að breyta lífi barna. Hvort sem þú ert þjálfari eða sjálfbóðaliði getur það að taka þátt í æskulýðsíþróttum verið jafn gagnlegt fyrir þig og börnin sem þú ert að hjálpa. Það getur verið krefjandi, en það hjálpar þér að vaxa sem manneskja í samfélagi. Að vinna í íþróttum unglinga er styrkjandi reynsla, því það gerir þeim kleift að vera hluti af einhverju sem hjálpar börnum að vaxa og þroskast í sjálfsöruggt fólk. Þú færð að vera fyrirmynd, miðla ást þinni á leiknum og líður vel með að gera gæfumun í lífi barnanna þegar þau læra að trúá á sjálfan sig og vinna saman sem lið. Það sem meira er, þú munt byggja upp tengsl innan okkar samfélags þegar þú hittir foreldra, embættismenn og aðra þjálfara. Þú verður hluti af einhverju sem er mikilvægt fyrir okkar samfélag.

Okkur hjá Íþróttafélaginu Hamri er annt um samfélagið okkar. Við trúum því að með því að kenna iðkendum okkar að verða betra íþróttafólk séum við líka að hjálpa þeim að verða betra fólk og gott fólk er undirstaða góðs samfélags.

Þegar þjálfarar okkar kenna börnunum um virðingu eða teymisvinnu, bera þau þann lærdóm inn í skólastofur sínar og heimili. Þegar þau læra af okkur eldmóð og heiðarleika eru leikmenn okkar ekki bara að læra að stunda íþrótt heldur eru þau einnig að læra að það að hvetja aðra og gera rétt er jafn mikilvægt og að skara fram úr í íþrótt eða vinna meistaratitilinn.

Það ætti að vera öllum ljóst að Íþróttafélagið Hamar sinnir gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið okkar. Sex öflugar deildir starfa innan Íþróttafélagsins Hamars sem allar eiga sér langa sögu með félaginu. Fall Hamarshallarinnar setti allt starf úr skorðum hjá okkur tímabundið en rúmlega viku seinna voru allar deildir búnar að endurskipuleggja sig með nýja stundatöflu. Skólamörkin er nú fullnýtt, æfingar hjá Knattspyrnudeild eru að hluta til á Selfossi, útivellirnir eru nýttir þegar veður leyfir og Fimleikadeildin sækir hluta af sínum æfingum í Þorlákshöfn. Færum við Ungmennafélagi Selfoss og Ungmennafélagi Þórs okkar innilegustu þakkir fyrir að hafa fljótt sett sig í sambandi við okkar deildir og boðið fram aðstoð sína, það er ómetanlegt að hafa svona góða granna. Að auki þökkum við Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Ungmennafélaginu Aftureldingu og Íþróttabandalagi Akranes sérstaklega fyrir veittan stuðning síðustu vikur. Að lokum viljum síðan þakka öllum þeim sem hafa boðið eða aðstoðað okkur á einn eða annan hátt. Tengslanetið okkar liggur víða og við erum hrærð og auðmjúk yfir allri þeirri velvild sem okkur hefur verið sýnt, sérstaklega síðustu vikurnar.

Leiðin liggur áfram, ekki aftur á bak

Að byggja upp íþróttastarf er eitthvað sem er stöðugt í vinnslu, þeirri vinnu lýkur aldrei. Þegar þetta er ritað er Hamarshöllin fallin og ekki ljóst hvað framtíðin ber í skauti sér. Íþróttafélagið Hamar og deildir þess eru að vinna þarfagreiningu sem nýtist til að kortleggja þá uppbyggingu sem við viljum sjá á næstu árum/áratugum. Hér skiptir miklu að horft sé langt fram í tímann og skýrt sé hvaða kröfur við gerum um uppbyggingu á hverjum tíma fyrir sig og hvaða afleiðingar það hefur fyrir allar deildir Hamars þegar kröfurnar eru ekki uppfylltar.

Það er mikilvægt að Íþróttafélagið Hamar sé með sterka rödd og með í ráðum þegar stórar ákvarðanir um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði eru teknar. Þannig hefur það verið og þannig viljum við hafa það svo almenn sátt ríki um þá nauðsynlegu uppbyggingu sem þarf til að deildir Íþróttafélagsins Hamars haldi áfram að vaxa og dafna.

Öflugt sjálfboðaliðastarf í 30 ár

Sjálfboðaliðastarfið hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú þar sem samfélagið gerir sífellt meiri kröfur til okkar og íþróttasamböndin sömuleiðis. Stundum eigum við til fjármagn til að láta í þessi verkefni en oftast þurfum við m.a. að leita á náðir sjálfboðaliða, bæjaryfirvalda og fyrirtækja sem við erum í góðu samstarfi við.

Á þessu ári fögnum við 30 ára afmæli Hamars. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komið hafa okkur þangað sem við erum. Að endingu hvetjum við alla sem vilja vinna með okkur að setja sig í samband við deildir okkar eða aðalstjórn, verkefnin eru svo sannarlega næg.

Áfram sterkt og heilbrigt samfélag! Áfram Hamar!

Fh. Íþróttafélagsins Hamars

Þórhallur Einisson, formaður
Íris Brá Svavarsdóttir, gjaldkeri
Dagrún Ösp Össurardóttir, meðstjórnandi
Laufey Sif Lárusdóttir, meðstjórnandi
Þorsteinn T. Ragnarsson, meðstjórnandi



Ársskýrslur deilda

Að venju segja stjórnir deilda frá árinu sem leið og má glögglega sjá að heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á allt starf í félaginu árið 2021. Þó má gleðjast yfir því að allar deildir hafa frá jákvæðum fréttum að segja og yfir heildina hefur árið 2021 verið okkur hliðhollt.

Badmintondeild

Hrund Guðmundsdóttir er formaður badmintondeildar Hamars og Halldóra Steindórsdóttir er gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Hákon Fannar Briem, Þórður K. Karlsson og Ólafur Dór Steindórsson.

Deildin býður iðkendum frá sex ára aldri æfingar fjóra daga vikunnar, yngri iðkendur æfa allt að 3svar í viku í þrískiptum hópum og fullorðnir æfa 2svar í viku. Æfingagjöldum er haldið í lágmarki og einnig borgar deildin mótsgjöld fyrir börn og unglinga sem keppa fyrir Hamar í mótum.

Deildin er sérstaklega heppin með þjálfara-teymi. Bjarndís Helga Blöndal starfaði sem yfirþjálfari fram í desember en þá tók Róbert Bergmann við stöðunni. Margrét Guangbing Hu og Móheiður Mei Þórðardóttir eru til taks á hliðarlínunni ef forföll verða hjá þjálfara og hafa hjálpað til í mótahaldi. Yngra afreksfólk deildarinnar hefur aðstoðað á æfingum hjá yngstu iðkendunum þar sem hópurnir fer stækkandi og þá getur þjálfarinn sinnt hverju barni betur á æfingunum.



Mótaskrá BSÍ riðlaðist töluvert vegna takmarkana á árinu. Hamar átti keppendur og verðlaunahafa á næstum öllum mótum sem haldin voru, m.a. Stærstu mótunum s.s. Reykjavíkurmóti TBR, RIG unglinga o.fl. Hamar fékk t.d. 5 silfur á Íslandsmóti unglinga sem var haldið í Maí. Margrét Guangbing Hu var valinn badmintonmaður Hamars 2020. Hún fékk silfur í einliðaleik í B-flokki á Íslandsmóti fullorðinna og hún nældi sér einnig í Íslandsmeistaratitil með sameiginlegu liði Hamars, BH og ÍA í B-deildinni.

Byrjendur og þau sem hafa keppt minna fengu líka að spreyta sig t.d. á Unglingamóti Þórs í Þorlákshöfn og svo fjölmenntum við með þau á Skagann þar sem þau tóku þátt í sterku móti á móti öllum þeim bestu í U11 – U19. Öll fengu nokkra leiki og er gaman að segja frá því að við áttum langfjölmennasta hópinn í U11 flokki.

Róbert hefur haldið úti fullorðinsstarfinu og Bjarndís hélt sér kvennatíma í vetur. Mikil ánægja er með fullorðinstímana í Hamarshöllinni en keppnishópurinn finnur samt hvað það er nauðsynlegt að fá líka að æfa í Skólamörkinni sem hentar badmintoníþróttinni betur.

Við kvöddum góðan vin, Kjartan Nielsen sem lést í sumar, en hann sá um fullorðinstímana hjá Hamri á tímabili við miklar vinsældir iðkenda sem lærðu alltaf eitthvað nýtt í hverjum tíma.

Hamar kemur að þróunarverkefni í samvinnu við Golfklúbb Hveragerðis o.fl., þar sem tvær íþróttagreinar vinna vel saman, þ.e. badminton og Golf. Voru badmintonkrakkarnir hvattir til að mæta á ókeypis golfæfingar á Gufudalsvelli í sumar og var greinilegt hvað þau sem hafa æft badminton náðu fljótt tökum á golfkylfunni. Verður spennandi að sjá hvernig þetta samstarf mun þróast áfram en Covid setti auðvitað strik í reikninginn í þessu verkefni eins og flestu öðru.

Við sendum nokkra eldri krakka til Siglufjarðar í A mót og vonandi getum við farið að fara aftur í ferðalög með krakkana þegar Covid vesenið hættir. Ferðin var virkilega vel heppnuð og fengu krakkarnir að gista með TBR og ÍA og fylgja þeim í skemmtilegri dagskrá á heimaslóðum Róberts sem var bæði fararstjóri og þjálfari í ferðinni.

Við gátum haldið Kjörismótið okkar í nóvember rétt áður en öllu var aftur skellt í lás. 100 keppendur mættu frá Hamri, ÍA, TBR, BH, UMFA, Þór og KR. Að halda svona stórt mót er gríðarleg vinna og sérstaklega þar sem allar sóttvarnir þurftu að vera í lagi samkvæmt ströngum sóttvarnareglum. Mótsstjórnin, stjórn deildarinnar og frábærir foreldrar fá miklar þakkir fyrir alla aðstoðina við uppsetningu mótsins, afgreiðslu í sjöppunni, talningu og tiltekt.

Fjölskyldutímarnir hafa ekki verið nógu reglulegir á árinu bæði vegna veðurs, fótboltamóta og svo sóttvarnareglna BSÍ sem voru ansi strangar á tímabili. T.d. máttu iðkendur ekki snerta sömu kúluna og þurfti sóttvarnafulltrúi að vera á staðnum og þrifa þurfti allan búnað. Allt svona inngríp gerir sjálfboðastarf okkar mun þyngra. Við ákváðum því að loka tímunum fyrir almenning og þegar þeir voru haldnir voru þeir einungis fyrir iðkendur og fjölskyldur þeirra.

Fyrir utan Kjörismótið þá eru dósasafnanir deildarinnar okkar mikilvægasta fjáröflun. Stjórnin ákvað að allur peningur sem safnast úr þeim fari beint í barnastarfið. Höfum við t.d. getað borgað mótsgjöldin fyrir krakkana og gefið þeim sem byrja að æfa spaða og boli. Yfirstjórn Hamars hefur hafið samstarf með CRAFT og spiluðu krakkarnir í fyrsta skipti í nýju bolunum í vetur. Það er því gríðarlega mikilvægt að fá foreldra með bíla til að aðstoða svo við náum að fara yfir meira af bænum sem fer ört stækkandi. Krökkunum finnst þetta yfirleitt mikið stuð og lenda í allskonar ævintýrum og hitta auðvitað mikið af fólki sem þau þekkja og svo fá allir pizzuveislu í lokin. Talningadeildin heldur svo áfram og klárar verkið. Áhaldahús Hveragerðisbæjar fær hrós skilið fyrir að þola bröltið sem fylgir þessu öllu saman en þau hafa lánað okkur húsnæði svo við þurfum ekki að vera úti í öllum veðrum við talningu og frágang.

Árið kláraðist svo með stæl því að Hamar vann nýja HSK unglingameistara bikarinn með yfirburðum í Þorlákshöfn en við unnum bikarinn til eignar í fyrra.

Í heildina var starfsárið 2021 gott og er rekstur deildarinnar í föstum skorðum. Stjórnin vill þakka öflugum þjálfarateymi, foreldrum og iðkendum fyrir einstaklega óeigingjarnt og mikilvægt starf.



Blakdeild

Stjórn blakdeildar Hamars árið 2020 skipuðu Barbara Meyer (formaður), Andri Þorfinnur Ásgeirsson (gjaldkeri), Anna Mazurek, Greta Sverrisdóttir og Ingi Björn Ingason.

Heimsfaraldurinn Covid-19 gerði okkur lífið leitt annað árið í röð. Ekkert Kjörismót, ekkert Daddamót og ekkert Öldungamót var haldið, en Öldungamótið er áætlað mánaðarmótin apríl/mái 2022.

2 kvennalið og 1 karllalið kepptu á HSK mótinu í fyrri umferð mótsins í haust en seinni umferðin er eftir og vonumst við eftir góðum úrslitum þar.



Úrvalsdeildarlið Hamars karla tók þátt í efstu deild og gerði sér lítið fyrir og vann alla titla sem í boði voru. Þeir urðu þar með deildar-bikar og Íslandsmeistarar. Ákveðið var að skrá tvö kvennalið á Íslandsmót (3. og 6. deild) og eitt karllalið í 1. deild auk liðs í úrvalsdeild karla.

BLÍ tilkynnti þann 5 júní 2021 hvaða leikmenn hefðu staðið sig best þetta tímabil að mati fyrirliða og þjálfara Mizunodeildanna. 5 Hamarsmenn hlutu verðlaun og skipuðu lið ársins: Radek (dio), Damian (uppspil), Hafsteinn (miðja) Ragnar Ingi (liberó) og Wiktor (kantur). Wiktor var einnig kosinn besti leikmaður og stiga-hæstur í uppgjöf. Wiktor var tilnefndur sem íþróttamaður Hveragerðisbæjar af Blakdeildinni.

Hamar átti svo einnig fimm fulltrúa í liði fyrri helmings Íslandsmótsins sem tilkynnt var í desember síðastliðnum. Það voru þeir Hafsteinn og Kristján á miðjunni. Damian uppspilari, Ragnar sem frelsingi og Wiktor var besti kanturinn.

Þjálfarar deildarinnar eru þeir sömu og í fyrra en Radoslaw Rybak hélt áfram þjálfun meistaraflokks karla og kvenna á meðan Hafsteinn og Kristján Valdimarssynir þjálfuðu unglinga og Barbara Meyer sá um þjálfun á yngri krökkunum. Mikil aukning er hjá unglingum og svo buðu Hafsteinn og Kristján einnig upp á stubba-blak snemma á laugardagsmorgnum. Færri börn hafa mætt á æfingar núna en í fyrra vegna mismunandi ástæðna en það er eitt af markmiðum deildarinnar nú þegar lífið fer að taka á sig rétta mynd eftir Covid að reyna að fjölga yngstu iðkendum deildarinnar á ný, ásamt því að fjölga iðkendum í öllu starfinu.

Ný stjórn hefur tekið við og eru spennandi verkefni framundan. Íslandsmótið og bikarkeppnin er enn í fullum gangi og þar ætla Hamarsmenn sér að verja sína titla og halda þeim í Hveragerði annað ár. Öldungamótið er svo framundan en það hefur ekki verið haldið síðastliðinn tvö ár vegna aðstæðna í samfélaginu.

Það er því okkar von að við getum farið á fleiri mót með okkar lið á næstunni og einnig haldið fleiri mót svo við getum spilað blak og skemmt okkur saman á ný.

Samstarf stjórnarinnar gekk vel á árinu og fundaði stjórnin reglulega. Formaður ásamt öðrum í stjórninni ákvað að láta gott heita og hefur ný stjórn tekið við. Vilja þau þakka iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem komið hafa að starfi deildarinnar fyrir samstarfið síðastliðinn ár. Óska þau nýrri stjórn velfarnaðar í sínum störfum í framtíðinni.

Viðurkenningar: Blakmaður ársins 2021

Barnaflokkur: Halldóra Práinsdóttir

Blakmaður ársins 2021 Unglingaflokkur: Marey Sól Birgisdóttir

Blakmaður ársins 2021 Áhugamenn: Haraldur Örn Björnsson

Blakmaður ársins 2021 Úrvalsdeild: Ragnar Ingi Axelsson

Fimleikadeild

Veturinn 2021 var heldur rólegri en gengur og gerist hjá fimleikadeildinni. Þau mót og ferðir sem planaðar höfðu verið það árið féllu niður sökum covid.

Aðalfundur fimleikadeildarinnar var haldinn þann 8. febrúar 2021.

Farið var í fjáraflanir á vorönn þar sem seldar voru fimleikadýnur til heimaæfinga, farið í dósasöfnun og haldið happdrætti.

Haldin voru sumarnámskeið fyrir keppnishópana og var mjög góð skráning á þær æfingar.

Á haustönn var einnig farið í dósasöfnun. Því miður var mótið sem skipulagt var á þeirri önn felld niður eftir að hafa verið frestað tvisvar sinnum.

Haustönnin endaði með því að allir hópar fengu mandarínur, piparkökur og mjólk, fóru í leiki og áttu saman góða stund á sinni síðustu æfingu fyrir jólafrí.

Í lok árs 2021 voru eftirfarandi í stjórn: Birgitta Ýr Sævarsdóttir (formaður), Signý Ósk Sigurjónsdóttir (gjaldkeri), Álfhildur Þorsteinsdóttir (ritari) og Katrín Eik Össurardóttir (meðstjórnandi).

Þjálfarar á árinu 2020 voru Aníta Líf, Arnar Eldon, Árni Busk, Embla, Erla Lind, Erna Eir, Ester Lóa, Karen Guja, Hekla Björt, Kolbrún Edda, Jamie og Svafar.

Æfingar hafa gengi mjög vel á árinu og miklar framfarir að eiga sér stað. Keyptur var nýr hópfimleikadans handa keppnishópum svo nú bíða bara allir spenntir og tilbúnir að mæta á mót þegar hægt verður.

Kvenfélag Hveragerðis styrkti fimleikadeildina með kaupum á kubbum í kringum lendingardýnu, þessir kubbar breyta miklu fyrir deildina og erum við mjög þakklát fyrir þennan styrk.





Knattspyrnudeild

Knattspyrnudeild Hamars hefur verið í blóma á undanfögnu ári þrátt fyrir ýmsar hindranir á veginum. Fjölgun var í yngri flokkum félagsins á árinu og var lögð áhersla á að búa til góða umgjörð til að hlúa vel að iðkendum deildarinnar. Mikið líf var í kringum meistara-flokka félagsins sem stóðu sig vel í keppnum á tímabilinu. Rekstur deildarinnar hefur verið erfiður að undanfögnu þar sem covid setti mörg strík í reikninginn. Fjárflyanir sem hafa verið undanfarin ár þurftu því miður að aflýsa vegna faraldursins. Knattspyrnumót vetrarins sem deildin hefur haldið undanfarin ár og hafa verið langstærsta fjáröflun deildarinnar féllu niður og féll Herrakvöld deildarinnar niður svo dæmi séu tekin.



Yngri flokkar

Yngri flokkar deildarinnar voru í miklum blóma á tímabilinu. Margir nýjir iðkendur komu inn í deildina ásamt því að fyrri iðkendur héldu áfram í knattspyrnu og var brottfall lítið. Mikið var lagt uppúr því að efla starf yngri flokka félagsins. Fjölgað var þjálfurum, bætt við markmannspjálfurum og þjálfarar fóru á þjálfaranámskeið til að sækja aukna þekkingu. Allir flokkar félagsins fóru á stóru mót sumarsins þar sem gleðin var í fyrir-rúmi. Iðkendur fengu þar reynslu og minningar sem seint munu gleymast. Allir flokkar félagsins tóku þátt í íslandsmótinu í sumar og stóðu þau sig með miklu þrýði. Markmið deildarinnar hefur verið að hlúa vel að þeim iðkendum sem eru til staðar hjá deildinni, búa til vettvang fyrir eldri iðkendur til þess að halda áfram að æfa knattspyrnu hjá Hamri og má segja að það hafi gengið ótrúlega vel undir stjórn góðra þjálfara.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna var á sínu öðru starfsári, en liðið var stofnað 2020 með því markmiði að veita stúlkum úr Hveragerði og Suðurlandi að halda áfram knattspyrnuíðkun. Tímabilið gekk ótrúlega vel og er rosalega góð samheilðni og stemmning hjá hópnum sem er lykillinn að góðum árangri stelpnanna. Lengjubikarinn féll niður hjá þeim vegna covid og var því lítið um undirbúningsleiki fyrir tímabilið. Sumarið skall svo á af krafti og spiluðu stelpurnar góðan bolta og var greinileg bæting á liðinu frá fyrra ári. Liðið endaði í 8. Sæti af 13 liðum deildarinnar. Stelpurnar unnu góða sigra ásamt því að fá nokkur súr töp. Hópurinn hjá stelpunum er stór, en það voru alls 28 stelpur sem komu við sögu í leikjunum s.l. sumar. Má því segja að markmið félagsins hafi tekist vel, því að ef þessar stúlkur fengju ekki þetta tækifæri væru margar úr þessum hópi sem ekki væru að spila knattspyrnu. Knattspyrnudeild Hamars er ótrúlega stolt af þessum hópi stúlkna sem eru miklar fyrirmyndir yngri iðkenda deildarinnar og eru brautryðjendur fyrir ungar stelpur úr Hveragerði sem horfa upp til meistaraflokk kvenna og hafa nú markmið að spila fyrir félagið í meistaraflokki. Gríðarlega spennandi verður að fylgjast með þessum hópi í framtíðinni.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla tók einnig þátt í öllum þeim mótum sem í boði voru á tímabilinu. Lengjubikarinn féll niður hjá þeim og var undirbúningur liðsins í formi æfinga og lítið um leiki. Á undanförunum árum hefur liðið verið hársbreidd frá því að komast upp um deild og var markmið félagsins að halda áfram sömu braut og reyna koma liðinu upp um deild. Sumarið fór ótrúlega vel af stað þegar liðið vann hvern sigurinn af öðrum. Á endanum lenti liðið í öðru sæti riðilsins og fengu sæti í úrslitakeppni 4. Deildar. Liðið vann lið Kríu í 8-liða úrslitum og komust í undanúrslit 4. Deildar. Þar lenti liðið á vegg og tapaði leik um sæti í 3. Deild að ári. Það voru mikil vonbrigði þar sem liðið ætlaði sér að tryggja sér sæti í 3.deild. Liðið stóð sig hinsvegar ótrúlega vel heilt yfir sumarið. Margir leikmenn fengu góð tækifæri til að bæta sig sem leikmenn og miklar bætingar voru hjá mörgum leikmönnum. Liðið samanstendur af kjarna sem hefur verið saman í nokkur ár og hefur það verið markmið félagsins að gefa strákum sem koma úr yngri flokkum félagsins tækifæri á að bæta sinn leik. Við erum stolt af því að hafa tekist það á undanförunum árum og er ekkert annað að gera en að halda áfram á sömu braut og búa til góða umgjörð og þjálfun fyrir alla iðkendur félagsins.

Erfitt hefur verið að reka meistaraflokka félagsins á árinu vegna faraldursins skæða. Minni tekjur og aukinn útgjöld hafa verið vegna þess en félagið horfir björtum augum fram á veginn og sér til bjartarri tíða með vel samstilltu fólki og góðri liðsheild. Nú á vetrardögum var áfall fyrir deildina þegar okkar yndislega Hamarshöll kvaddi okkur skyndilega. Hamarshöll var mikil lyftistöng fyrir félagið þegar hún var tekinn í notkun og hefur reynst deildinni ótrúlega vel. Knattspyrnudeild Hamars er á sama tíma ótrúlega þakklát fyrir viðbrögð vina okkar í Selfoss. Selfyssingar höfðu strax samband við deildina og bauð flokkum deildarinnar að mæta til þeirra á æfingar. Deildin er nú þegar farinn að nýta sér það nú yfir verstu vetrarmánuðina. Takk fyrir Selfoss!!!! Við vonumst svo eftir því að Hamarshöll verði endurbyggð og við getum æft aftur innanndyra í Hveragerði næsta vetur.

Knattspyrnudeild Hamars hefur haft það í sinni stefnu og markmiði að hlúa vel að okkar iðkendum. Veita öllum þeim iðkendum þá þjónustu sem þau þurfa til að ná sínum markmiðum. Á tímabilinu erum við ótrúlega stolt af því að drengur úr Hamri var sóttur af erlendu liði til að spila knattspyrnu. Óliver Þorkellsson gerði samning við De Graafschap í Hollandi á áramótum og mun spila þar á næstu misserum. Óliver er fyrirmynd fyrir aðra iðkendur deildarinnar að hægt sé að ná markmiðum sínum og draumum með því að æfa og rækta sína hæfileika innann Hamars.

Knattspyrnudeild Hamars þakkar öllum þeim ótal mörgum sjálfboðaliðum og styrktaraðillum fyrir liðið tímabil og lítur björtum augum á framtíðina. ÁFRAM HAMAR!!



Körfuknattleiksdeild

Yngri flokkar

Við höfum náð að halda útti góðu starfi frá 1-7. bekk og skráð lið í þessum flokkum á Íslandsmótum. Gott samstarf er með Þór og er haldið út sameiginlegu liði í 8. flokk karla. Því miður er ekki nægur iðkenda fjöldi í elstu hópum en einnig haldið úti góðu samstarfi með nágrannafélögum svo þeir sem búa í Hveragerði geta spilað og æft með viðeigandi aldursflokk. Iðkendur á framhaldskólastigi standa til boða æfingar í Fsu og er sent sameiginlegt lið undir merkjum Fsu til keppni á Íslandsmóti.



Meistaraflokkur kvenna

Árið 2021 er fyrsta heila árið sem Hamar-Þór er í samstarfi í meistaraflokk kvenna, en samstarfið hófst haustið 2020. Tímabilið 2020-2021 var Covid tímabilið mikla, en takmarkanir vegna veirunnar höfðu eins og allir vita mikil áhrif á íþróttastarf þegar hlé var gert á íþróttaiðkun og keppni. Í upphafi árs 2021 var lið Hamars-Þórs með einn erlendan leikmann en samanstóð annars að langmestu leyti af mjög ungum og efnilegum stelpum frá Hveragerði og Þorlákshöfn, þar sem langflestir leikmenn voru 16-20 ára. Liðið endaði 6. Sæti 1. deildar og datt út úr úrslitakeppninni eftir spennandi leiki á móti Ármanni.

Vor og sumar 2021 var liðið duglegt í ýmsum fjáröflunum til þess að safna fyrri næsta tímabili. Haustið 2021 var ljóst að einhverjir leikmenn stefndu á önnur mið og til þess að halda uppbyggingar starfi áfram var ákveðið að fá til liðsins 2 erlenda leikmenn. 1. deildin tímabilið 2021-22 hefur aldrei verið sterkari né fjölmennari en í deildinni eru nú 11. lið og langflest liðin með einn eða fleiri erlenda leikmenn. Um áramót var Hamar-Þór í 7. sæti deildarinnar, en deildin er mjög jöfn og spennandi og samkeppnin um að ná í 4ra liða úrslitakeppni mjög hörð.

Samstarf Hamars og Þórs gengur mjög vel og það verður gaman að fylgjast með þessu unga og efnilega liði taka næstu skref.

Meistaraflokkur karla

Liðið tók miklum breytingum árið 2021. Liðið hefur í gegnum tíðina verið í baráttunni um að komast uppí Úrvalsdeild og var þar enginn breyting á vorið 2021. Liðið lék til úrslita við Vestra um laust sæti í úrvalsdeildinni, en þurfti að lokum að lúta í lægra haldi 3-1. Eftir tímabilið tók við ný stjórn, og með nýrri stjórn komu breytingar. Í stað þess að taka 1 skref áfram var tekið 1 skref aftur á bak og lagt upp með að byggja liðið upp á heimamönnum. Ungir leikmenn liðsins hafa fengið mun stærra hlutverk og meiri ábyrgð lögð á þeirra hendur. Eldskírn drengjanna hefur reynst þeim erfið og er liðið sem stendur í næst neðsta sæti 1.deildarinnar. Liðið er í harðri baráttu um að halda sæti sínu í deildinni og vonir standa um að hægt verði að gera enn betur á næstu árum og koma liðinu aftur í fremstu röð. Róm var ekki byggð á einum degi og það sama má segja um öflugt íþróttastarfsemi.

Sunddeild

Síðasti aðalfundur Sunddeildar Hamars var haldinn þann 9. febrúar 2021 og urðu engar breytingar á stjórninni. Brynja vildi nú samt losna sem gjaldkeri en ekki fannst arftaki hennar og því ákvað hún að sitja áfram þar til arftaki myndi finnast. Stjórn sunddeildar var því skipuð Sigurbjörgu Hafsteins, formanni, Brynju Hrafnkelsdóttur, gjaldkera og Pétur Guðmundsson meðstjórnandi. Á síðasta aðalfundi var María Clausen Pétursdóttir valinn sundmaður Hamars fyrir árið 2020 og Elísabet Árný Hlynisdóttir fékk viðurkenningu fyrir góðar framfarir og ástundun.



